

56. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 3. janúar 2008 kl.12 -13 hjá Samorku.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Helga Tuliníus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar 23. nóv. 2007

Fundargerð síðasta fundar verður send stjórnarmeðlimum Alnæmisbarna til samþykktar á næstunni.

Gefðu skjól verkefnið – árangur

Farið var yfir þá styrki sem komið hafa inn á reikning okkar vegna jólakortakaupa til styrktar verkefninu Gefðu skjól. Komu styrkir frá sex fyrirtækjum og aðilum og eru þeir eftirfarandi:

Umhverfisráðuneytið kr. 200.000,-

Frostmark kr. 200.000,-

ISOR kr. 200.000,-

Fornleifastofnun Íslands kr. 15.000,-

Starfsfólk ISOR kr. 8.000,-

Jóhann Bergmann kr. 10.000,-

Þetta gerir samanlagt kr. 633.000,- .

Sala kerta í Kringlunni og af Hildi Gestsdóttur gera samanlagt kr. 218.000,-, en það voru 22 dugnaðarforkar sem tóku þátt í kertagerðinni heima hjá Rögnu Karlsdóttur. Heildarupphæð söfnunar Alnæmisbarna fyrir jólin til verkefnisins Gefðu skjól er því komin í kr. 851.000,-. Var ákveðið að bæta kr. 149.000,- við styrktarupphæðina af fjárlögum Alnæmisbarna til þess að geta greitt ABC-barnahjálpar kr. 1.000.000,- að þessu sinni til styrktar byggingu dagheimilisins í Norður - Úganda. Er þá heildarstyrktarupphæðin til dagheimilisins orðin kr. 1.500.000,- þar sem stjórn Alnæmisbarna hefur þegar greitt kr. 500.000,- til verkefnisins. Stjórnin myndi vilja afhenda Guðrúnu Margréti Pálsdóttur formanni ABC-barnahjálpar styrkinn formlega í næstu viku og ætlar María að kanna hvort það geti gengið upp. Jafnframt útbúa fréttatilkynningu um styrkveitinguna fyrir blöðin og heimasíðu okkar. Stjórn Alnæmisbarna langar til þess að halda söfnuninni eitthvað áfram og fara jafnvel nýjar leiðir. Á fundinum kom t.d. fram sú hugmynd að bjóða styrktaraðilum, velunnurum, ráðuneytisfólki og e.t.v. einhverjum fleirum að snæða mat með stjórninni í tengslum við aðalfund félagsins. Hægt væri að kanna útleigu á Rafveituheimilinu til þessa arna. Ingibjörg ætlar að athuga verð á litlum réttum sem

væri hægt að nota í þessu tilliti. Dagheimilið í Norður – Úganda kostar kr. 2.200.000,- en með innréttingunum kr. 2.800.000,-.

Aðalfundur 2008 – dagsetning

Ákveðið að halda aðalfund Alnæmisbarna fimmtudaginn 3. apríl. María kemur til með að gera skýrslu stjórnar frá Englandi.

Fjarvera formanns í tvo mánuði

María tilkynnti að hún yrði fjarverandi í tvo mánuði en hún hyggst fara í nám í Englandi frá janúar til marsmánaðar. Hildur sem er varaformaður tekur við formennskunni. María ætlar að skrifa félagsmönnum bréf og segja frá þessu. Í bréfi þessu verður einnig sagt frá því hvernig gekk við fjáröflunina Gefðu skjól og birta mynd. Verður þetta jafnframt sett inn á heimasíðu Alnæmisbarna.

Önnur mál

Maríu barst afrit af styrktarumsókn CLF til Þróunarsamvinnustofnunarinnar í Úganda að upphæð 30 milljónir Ug. shs. sem er svipuð upphæð og sótt var um á síðasta ári. María ætlar að þakka henni bréfið og biðja um fjárhagsáætlun fyrir þetta ár. Alnæmisbörn greiddu um 32 milljónir Ug. Shs. árið 2007 eða um ísl. kr. 1,2 milljónir. Einnig heyra í Sigríði Baldursdóttur sem er að gera úttekt á ákveðnum þáttum hjá CLF í Úganda. Alnæmisbörn greiddu henni kr. 50.000,- í styrk upp í þau störf í byrjun desembermánaðar 2007.

Bjarni er búin að senda Uganda Australian Foundation greiðslu og ætlar að fylgja henni eftir. Hann ætlar einnig að senda þakkarbréf til allra þeirra sem greitt hafa félagsgjöldin.

Smálánasjóðskerfið hjá CLF, sem sett var á fót fyrir okkar tilstuðlan, gengur vel. Stúlkurnar borga reglulega og einhverjar hafa fengið viðbótarlán. Einungis þrjár hafa gefist upp og skiluðu tvær inn því sem þær keyptu.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar